

Fornleifaskráning vegna lagningu ljósleiðara í Tálknafirði

Ragnar Edvardsson

Bolungarvík 2019

Inngangur	3
Tilgangur fornleifaskráningar.....	3
Aðferðafræði	4
Fornleifaskrá.....	5
Niðurstöður.....	9
Heimildir	11

Inngangur

Að beiðni Bjarnar Davíðssonar, hjá Snerpu ehf., tók undirritaður að sér að kanna fornleifar á framkvæmdasvæði vegna lagningu ljósleiðara í norðanverðum Tálknafirði. Framkvæmdasvæðið nær frá þorpinu í Tálknafirði og inn í botn fjarðarins norðanmegin (mynd 1).

Ljósleiðarinn fer um svæði þar sem áður stóðu jarðirnar Gileyri, Eysteinseyri og Norður Botn. Eysteinseyri og Norður Botn hafa verið í byggð síðan á miðöldum en Gileyri er nýbýli sem byggðist á 20. öld. Aðeins er búið á jörðunum Eysteinseyri og Norður Botni. Á Gileyri hefur Arnarlax ehf reist seiðaeldisstöð og á Norður Botni hefur Arctic Sea Farm hf reist byggingar tengdar laxeldi á svæðinu (mynd 2).

Fornleifakönnun fór fram í júlí 2019 og sá Ragnar Edvardsson um vettvangsvinnu svo og frágang gagna og skýrsluskrif.


Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifakönnun felur í sér að skipulega er farið yfir fyrirfram ákveðið svæði með fornleifafræðilegri aðferðafræði, í þeim tilgangi að staðsetja þekktar eða óþekktar fornminjar. Fornleifakönnun getur farið fram bæði á sjó eða landi og er aðferðafræðin í grunninn sú sama. Á fyrsta stigi fornleifakönnunar er venjulega farið yfir ýmsar heimildir, m.a. sagnfræðileg rit, skjöl, kort, loftmyndir, osfrv., sem geta gefið til kynna staðsetningu fornminja. Við vettvangsathuganir er notast við ýmiskonar fjarkönnunarbúnað á landi, t.d. GPS, dróna, viðnámsmæla (e: resistivity meter), jarðsjá (e: ground penetrating radar) osfrv., en í sjó tvígeislamæla (e: side-scan sonar), fjölgeislamæla (e: multibeam echosounder) og segulsviðsmæla (e: magnetometer). Á landi er einnig gengið um könnunarsvæðin til nánari skoðunar á þeim stöðum sem fjarkönnun hefur gefið til kynna að fornleifar geti leynst en í sjó er köfunum og neðansjávarmyndavélum beitt í sama tilgangi.

Samkvæmt skilgreiningu þjóðminjalaga eru fornminjum skipt í forngripi og fornleifar og eru allar fornminjar eldir en 100 ára friðaðar. Að auki eru öll skip og bátar eldri en 1950 taldir til fornminja. Í þriðju grein þjóðminjalaganna segir:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,



Mynd 1. Framkvæmdasvæðið í Tálknafirði.

- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands (Lög Um Menningarminjar, 80. 2012).

Áður en kemur að deiliskipulagi, aðalskipulagi eða ýmiskonar framkvæmdum er skipulags- og framkvæmdaraðilm skylt samkvæmt þjóðminjalögum að láta fara fram skráningu fornleifa á tilvonandi framkvæmdasvæði og á þetta við hvort sem það er í sjó eða á landi.

Aðferðafræði

Fornleifaskráningunni var skipt í tvo hluta; heimildakönnun og vettvangsskráningu. Við heimildakönnun var aðeins farið yfir helstu ritaðar heimildir, þ.e. jarðabækur, fornbréfasafn,



Mynd 2. Skráðir minjastaðir á framkvæmdasvæðinu.

örnefnaskrár, osfrv. Við skráningu á vettvangi var gengið eftir framkvæmdasvæðinu og þær minjar sem þar var að finna skráðar, ljósmyndaðar og mældar upp með gps stöð. Unnið var með gögnin í landfræðiforritinu ArcGis.

Fornleifaskrá

140291 Eysteinseyri

„Jarðadýrleiki 18 hundruð“ (Johnsen 1847). Jörðin kemur fyrir í rituðuðum heimildum frá 15. öld og er hún talin til eigna Guðmundar Arasonar árið 1446 (D.I. IV. 1857). Jörðin kemur svo einnig fyrir í þeim málaferlum sem fylgdu dauða Guðmundar Arasonar (D.I. V. bls. 179, 216; D.I.VI. bls. 142; D.I. XI. bls.18, 20; D.I. XIII. bls. 328-30; D.I. XV. bls. 486, 529). Í jarðbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1710 er jörðin talin 18 hundruð að dýrleika og var tvíbýli á jörðinni (Á.M. VI., 1940).


140291-001

Sérheiti:

Hlutverk: Tóft

Tegund: Náttthagi

Staðsetning: 576392N 278931E



Mynd 3. Náthagi á Gileyri.

Staðhættir: Gileyri stendur á samnefndri eyri austan megin í Tálknafirði, rétt sunnan við þorpið. Á Gileyri standa nú byggingar sem tilheyra seiðaeldisstöð Arnarlax ehf. Náthaginn er austan við seiðaeldisstöðina og hallar svæðið til sjávar, þ.e. í vesturátt og er það þýft og skorið af mörgum litlum lækjum.

Minjalýsing: Minjarnar samanstanda af einni gróinni rúst og utan um hana er grjótagarður. Rústin er 10

x 5 metrar og er hleðsluhæð í, u.þ.b. 0,50 m. Grjótagarðurinn er sýnilegar á allar hliðar fyrir utan vestur hliðina, sem hefur verið raskað. Garðurinn er u.þ.b. 40 x 40 metrar.

Hættumat: Engin hættu.

Norður-Botn 140303

„Jarðardýrleiki 30 hundruð“ (J. Johnsen 1847) „Jörð í Tálknafirði við botn Tálknafjarðar, er vanalega nefnd Norður-Botn til aðgreiningar frá Vestur-Botni í Patreksfirði, þessa jörð fékk Guðmundur Arason 1460 fyrir lítið. 1710 er þar fjórbýli, nú er þar tvíbýli, heitir vestri bærinn Hjallatún. Hér var eitt sinn bænhús, en var fallið af fyrir manna minni 1710“ (Örnefnaskrá Botns). „Jörðinni er sundur skipti í fjóra bæi... Bænhús hefur hjer að fornu verið, af er fallið fyrir manna minni. Sjást þó merki af kirkjugarðsleifum.“ (Árni Magnússon 1940).

140303-1

Staðsetning: 574819N 279943A

Hlutverk: Býli


Tegund: Bæjarhóll.

Staðhættir: Bæjarstæði Norður-Botns stendur rétt vestan þjóðvegarsins, í u.þ.b. 17 metra fjarlægð. Beint sunnan við það er stór skemma sem tilheyrir laxeldi Arctic Sea Farm hf. Allt túnstæði jarðarinnar hefur orðið fyrir miklum skemmdum af framkvæmdum og má áætla að um 60 - 80% af gamla túninu sé horfið.

Minjalýsing: Á bæjarstæðinu stendur lítið hús og steinsteyptur grunnur sem er það eina sem eftir er af síðasta húsinu sem stóð í Botni. Samkvæmt heimildamanni brann það fyrir nokkrum áratugum síðan. Ekki sést til neinna fornleifa en lágreistur hóll markar staðsetningu bæjarins.

Hættumat: Engin hættu

Heimildir Örnefnaskrá Botns



Mynd 4. Minjastaðir á bæjarstæði Norður Botns.

140303-002

Staðsetning: 574842N
278991A

Sérheiti: Húsi

Hlutverk: Íveruhús

Tegund: Íveruhús

Staðhættir: „Fyrir utan þetta tún, fast við sjóinn eru tóftir, þar var býli fyrir skömmu og heitir þetta Húsi (66).“ (Örnefnaskrá Botns). Svo til beint í vestur frá bæjarhól Botns og stendur

rétt fyrir ofan fjöruna. Austan megin við rústina hefur stóru svæði verið raskað.

Minjalýsing: Lítil rúst stendur gróin og er hún 5 x 4 m að stærð. Hleðslur eru grónar og standa í u.þ.b. 60 sentímetra hæð.

Hættumat: Engin hætta.

Heimildir. Örnefnaskrá Botns

140303-003

Staðsetning: 574913N 279942A

Sérheiti: Þórðartættur

Hlutverk: Íveruhús

Tegund: Íveruhús

Staðhættir: „Fast við þetta tún kemur það sem tilheyrir býli því er Hjallatún (68) heitir, er það öðru nafni nefnt Botn II. Innst og neðan til í því túni mótast fyrir gömlum tóftum sem heita Þórðartættur (69)“ (Örnefnaskrá Botns). Samkvæmt heimildamanni stóðu þessar tóftir í u.þ.b. 90 metra fjarlægð í norð vestur frá bæjarstæðinu.

Minjalýsing: Sléttað tún og ekki sést til neinna fornminja.

Hættumat: Engin hætta.

Heimildir Örnefnaskrá Botns.

140303-004

Staðsetning: 574794N 280047A

Sérheiti: Óþekkt

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Óþekkt

Staðhættir: Beint í austur frá gamla bæjarstæðinu á Botni. Í u.þ.b. 100 metra fjarlægð rétt upp við steinhlaðinn túngarð sem stendur upp í hlið fyrir ofan bæjarstæðið, þ.e. austan þjóðvegarins.

Minjalýsing: Lítil ferhyrnd, grjóthlaðin rúst, 6 x 4 metrar. Inngangur er á vesturhlið og leifar bárujárnsþaks sést innan í henni. Líklegt er að þessi minjastaður hafi verið í notkun á 20. öld.

Hættumat: Engin hætta.

140303-005

Staðsetning: 574824N 280073A

Sérheiti: Óþekkt.

Hlutverk: Garðlag.

Tegund: Túngarður.

Staðhættir: Beint í austur frá gamla bæjarstæðinu á Botni. Í u.þ.b. 100 metra fjarlægð. Stendur rétt austan við rúst nr. 4.

Minjalýsing: Túngarðurinn er grjóthlaðinn en aðeins neðsta steinaröðin stendur. Garðurinn liggur í norðaustur/suðvestur og er um 160 metrar á lengd.

Hættumat: Engin hætta.

140303-006

Staðsetning: 575001N 280070A

Sérheiti: Hjallatún.

Hlutverk: Býli.

Tegund: Hjáleiga.

Staðhættir: „Ofan til í því túni er brekka sem heitir Þemba (67). Fast við þetta tún kemur það sm tilheyrir því býli því er Hjallatún (68) heitir er það öðru nafni nefnt Botn II.“ Hjáleigan Hjallatún stóð á sama stað og býlið sem ber sama nafn stendur nú. Í norðaustur átt frá bæjarstæði Botns og í hliðinni fyrir ofan bæinn.


Minjalýsing: Allt gamla túnstæði býlisins Hjallatúns er horfið þar sem að miklar framkvæmdir hafa verið á því svæði í gegnum tíðina. Engar minjar voru sjáanlegar í eða við núverandi bæjarstæði og er líklegt að fyrri framkvæmdir hafi eyðilagt þær að fullu.

Hættumat: Engin hætta.

Heimildir Örnefnaskrá Botns.

140303-007

Staðsetning: 575052N 280002A



Mynd 5. Botnsrétt (140303-008).

Hlutverk: Óþekkt.

Tegund: Óþekkt.

Staðhættir: Beint norður af bæjarstæði Botns er lítið túnstæði og á því sjást nokkrar þústir. Í u.þ.b. 150 metra fjarlægð frá Botni.

Minjalýsing: Ekki sést til neinna fornleifa en yfirborð svæðisins bendir til að eitthvað gæti leynst undir sverði.

Hættumat: Engin hætta

140303-008

Staðsetning: 575642N 280156A

Sérheiti: Botnsrétt

Hlutverk: Rétt.

Tegund: Skilarétt.

Staðhættir: „Neðst í þessu felli, skammt ofan við Ennin, er skilarétt nefnd Botnsrétt“. Norðvestur af bæjarstæði Botns í hlíðinni austan þjóðvegarins. Réttin stendur í brekku rétt ofan við rafstöð.

Minjalýsing: Réttin er grjóthlaðin og stendur að mestu leiti þó svo að veggir séu byrjaðir að falla. Réttin er 26 x 26 metrar og er með 9 hólf.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Örnefnaskrá Botns.

Niðurstöður

Frá þorpinu í Tálknafirði að Gileyri er áætlað að ljósleiðarinn liggi meðfram vegstæði þjóðvegarins og liggur hann í röskuðu svæði og sáust engar minjar á þessu svæði (mynd 1). Við Gileyri liggur ljósleiðarinn austan við þjóðveginn og fer hann í 30 metra fjarlægð frá grjóthlöðnum náttuga sem stendur ofarlega á Gileyrinni (mynd 3). Frá Gileyri að bænum Eysteinseyri liggur ljósleiðarinn að mestu meðfram röskuðu vegstæði þjóðvegarins og eru engar minjar á því svæði. Við bæinn Eysteinseyri liggur ljósleiðarinn alveg í röskuðu svæði og engar minjar sáust á því svæði. Frá Eysteinseyri og að bæjarstæði Norður Botns liggur ljósleiðarinn yfir gróðurlítinn mel og engar minjar voru á því svæði. Þegar komið er að Norður Botni liggur ljósleiðarinn meðfram vegstæði þjóðvegarins og að laxeldisstöð Arctic Sea Farm hf. (mynd 3). Miklar framkvæmdir hafa átt sér stað á síðustu árum á svæðinu og er stór hluti túnstæðis jarðarinnar horfinn undir framkvæmdirnar. Gamla bæjarstæðið er verulega raskað en þar stóð

steinsteyppt hús sem brann á 20. öld og stendur niðurgrafinn grunnurinn eftir. Við þennan grunn stendur svo lítið hús og vestn við það er lítið þýft svæði þar sem líklega eru leyfar bæjarstæðisins. Austan bæjarstæðisins er grjóthlaðinn túngarður og er lítil grjóthlaðin bygging áföst túngarðinum. Vestan við bæjarstæðið í u.þ.b. 60 metra fjarlægð er lítil gróin tóft. Bæði norðaustan og norðvestan við bæjarstæðið voru heimildir um minjastaði en engar minjar sást við vettvangsathuganir (mynd 4). Svo til beint í norður frá gamla bæjarstæði Norður Botns stendur skilrétt Tálknfirðinga sem kölluð er Botnsrétt og stendur hún að mestu en þó er hún farin að hrynja á nokkrum stöðum (mynd 5).

Fornleifaskráningin leiddi í ljós 9 minjastaði við tilvonandi framkvæmdasvæði en á 4 stöðum af 9 sást engar minjar. Þó var talið að hægt væri að staðsetja þessar minjar með nokkurri vissu út frá rituðum heimildum og voru þær því teknar með. Engar minjanna liggja í eða svo nærri framkvæmdasvæðinu að þeim stafi hætta af lagningu ljósleiðarans.

Heimildir

Árni Magnússon og Páll Vídalín 1940. Jarðabók, VI. bindi. Reykjavík.

J. Johnsen, Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. J. Johnsen gaf út, Kaupmannahöfn, 1847.

Diplomatarium Islandicum [D.I.]. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörning, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn I-XVI. Hið íslenzka bókmenntafélag, Reykjavík., 1857-1950.

Örnefnaskrá Eysteinseyrar.

Örnefnaskrá Norður Botns.